

Djúpavogshreppur

Bakki 1

765 Djúpivogur

Végarði 04.01 2019

Efni: Ósk um umsögn Djúpavogshrepps vegna breytinga á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps.

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps auglýsir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030, skv 1.mgr.36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðliggjandi sveitarfélög eru tilgreind í skipulagstillögunni sem umsagnaraðilar og er því óskað umsagnar Djúpavogshrepps.

Breyting felst í að skilgreind eru 4 ný efnistökusvæði vegna framkvæmda við Kröflulínu 3, efnistökusvæðin eru við eða í nágrenni við línuleiðina. Áætlað efnismagn úr námum er frá 7.000-30.000 m³. Kröflulína 3 er skilgreind í aðalskipulagi Fljótsdalshrepps. Þau svæði sem skipulagsbreytingin tekur til eru óbyggð og ofan 500m.y.s.

Tillagan sem inniheldur umhverfisskýrslu er aðgengileg á heimasíðu Fljótsdalshrepps www.fljotsdalur.is, og liggur frammi á skrifstofu Fljótsdalshrepps í Végarði, frá og með miðvikudeginum 9. janúar nk. til miðvikudagsins 20. febrúar 2019. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að að skila inn skriflegum athugasemdum. Athugasemdafrestur rennur út þann 21. febrúar n.k. Athugasemdir berist í tölvupósti á netfangið fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is, eða í bréfpósti til Fljótsdalshrepps, Végarði, 701 Egilsstaðir.

f.h. sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps,


Gunnþórunn Ingólfssdóttir, oddviti

ODDVITI
Fljótsdalshrepps